


# Lokun á opi milli hjartagátta

Opi á milli hjartagátta er lokað til að koma í veg fyrir blóðflæði milli gáttanna og minnka þannig hættu á að blóðtappar myndist. Aðgerðin er gerð í svæfingu og tekur 1-2 klukkustundir.

Í aðgerðinni er byrjað á að staðsetja opið á milli hjartagátta með ómskoðun á vélinda. Síðan er stungið í bláæð í hægri nára og grannur leggur þræddur til hjartans. Opinu er lokað með hnappi sem komið er þar fyrir.

Heimferð er áætluð samdægurs en mæta þarf daginn eftir aðgerð í hjartaómun og viðtal við lækni. Þeir sem búa utan höfuðborgarsvæðisins geta sótt um dvöl á sjúkrahótel.

Heimsóknum aðstandenda þarf að stilla í hof af tillitsemi við aðra sjúklinga.



## Blóðþynningarlyf

Hjúkrunarfræðingur leiðbeinir um notkun blóðþynningarlyfja samkvæmt fyrirmælum hjartasérfræðings í símtali fyrir aðgerðina. Eftir aðgerð er haldið áfram á blóðflöguhemjandi meðferð (Clopidogrel) samkvæmt fyrirmælum hjartasérfræðings.

## Símaviðtal

Innköllunarstjóri hringir fyrir aðgerð og boðar tíma í innskriftarviðtal, símtal við svæfingalækni og blóðrannsóknir. Spurt verður um heilsufar og fræðsla veitt um undirbúning fyrir aðgerðina.

Mikilvægt er að láta vita ef sjúklingur er með ofnæmi fyrir lyfjum eða öðru, hefur greinst með fjölonæmar bakteríur eða síðustu sex mánuði:

- Þegið heilbrigðisþjónustu erlendis
- Verið með kýli eða endurteknar húðsýkingar
- Ferðast til landa utan Evrópu, Bandaríkjanna eða Kanada

## Innskriftarviðtal

**Mætt er á móttöku göngudeildar 10DE í kjallara Landspítala við Hringbraut.** Við komu þarf að skrá sig inn á móttökustandi í afgreiðslu.

Tekin eru blóðsýni og hjartalínurit og sjúklingur hittir síðan hjartasérfræðing á Hjartagátt 10D. Gera þarf ráð fyrir að innskrifin taki um klukkustund. Ekki þarf að vera fastandi fyrir komu í innskriftarviðtal.

## Daginn fyrir aðgerð

### Blóðþynning

Að morgni, daginn fyrir aðgerð, er tekið inn blóðþynningarlyf samkvæmt upplýsingum sem veittar voru í innskriftarviðtali.

### Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólk líður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu sex klukkustundir fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til tvær klukkustundir eru í komu á spítalann. Tær drykkur er til dæmis vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu tvær klukkustundir fyrir komu á spítalann.

### Annar undirbúningur

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér affreyngarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausu hringingu. Ráðlagt er að skilja verðmæti eftir heima.

## Aðgerðardagur

### Sturta

Nauðsynlegt er að fara í sturtu áður en komið er á spítalann. Ekki má nota svitalyktar-eyði, krem, förðunarvörur, naglalakk, ilmefni eða skartgripir eftir sturtuna og klæðast þarf hreinum fötum.

## Lyf að morgni

Ekki má taka inn önnur lyf nema þau sem leiðbeint var um í innskriftarviðtali. Lyfin eru tekin inn með litlum vatnssopa fyrir komu á spítalann.

## Mæting er á Hjartagátt 10D í kjallara Landspítala við Hringbraut að morgni aðgerðardags.

Fyrir aðgerðina er settur æðaleggur í handlegg og hár fjarlægð úr nára. Óvæntar aðstæður geta valdið því að tímasetning aðgerðar breytist.

## Eftir aðgerð

Eftir aðgerðina er stutt dvöl á vöknunardeild og síðan áframhaldandi eftirlit á Hjartagátt. Fylgst er með verkjum, blóðþrýstingi og púls.

## Matur og drykkur

Byrja má að drekka og borða við komu á Hjartagátt.

## Þvaglát

Eftir svæfingu getur komið fram tregða við þvaglát og því er mikilvægt að reyna að pissa fljótlega eftir komu á deild. Láta þarf vita ef ekki gengur að pissa eða lítið kemur af þvagi.

## Hreyfing

Liggja þarf á bakinu í fjórar klukkustundir til að minnka hættu á blæðingu frá stungustaðnum.

## Útskrift

Heimferð er áætluð samdægurs.

### Mæta þarf aftur á Hjartagátt 10D daginn eftir aðgerð

- Tekið er hjartalínurit og gerð hjartaómskoðun.
- Útskriftarviðtal hjartasérfræðings þar sem veittar eru upplýsingar um notkun blóðþynnunarlyfja og eftirlit þremur mánuðum eftir aðgerðina.

## Útskriftarfræðsla

### Verkir í hálsi

Eftir vélindaskoðun sem framkvæmd er í aðgerðinni geta verið særindi í hálsi sem geta líkst vægri hálsbólgu. Þessi einkenni hverfa á 1-2 dögum.

### Óþægindi í brjósti

Borið getur á óþægindum yfir brjósti fyrstu 1-2 dagana eftir aðgerð. Ef þörf er á, má taka verkjalyf sem hægt er að kaupa án lyfseðils samkvæmt leiðbeiningum læknis eða hjúkrunarfræðings.

### Hreyfing

Fara má í sturtu daginn eftir aðgerð. Mikilvægt er að taka því rólega fyrstu 3-4 dagana og forðast áreynslu á nára í að minnsta kosti viku. Forðast á að lyfta þungum hlutum og ekki hlaupa, synda eða hjóla en óhætt er að fara í stuttar gönguferðir.

### Ferðalög

Ef allt gengur vel eftir aðgerð er óhætt að ferðast til útlanda viku eftir aðgerð en þó er mælt með því að bíða í 2-3 vikur.

### Preyta og slappleiki

Eftir svæfingu er algengt að finna fyrir slappleika, ekki ólíkt eftirköstum eftir veikindi. Yfirleitt tekur þetta ástand 5-7 daga og fer svo batnandi.

### Vinna

Létt vinna eða kyrrsetuvinna er möguleg fimm dögum eftir aðgerð en ef um að ræða erfiðisvinnu er mælt með veikindaleyfi í 1-2 vikur.

### Fylgikvillar

Mögulegir fylgikvillar eru til dæmis blæðing frá stungustað og örsjaldan innri blæðingar.

### Kostnaður

Greidda þarf fyrir aðgerðina samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

**Hafa þarf samband við Hjartagátt ef eftirfarandi hættumerki koma fram innan viku frá aðgerð:**

- Verkir yfir brjósti eru stöðugir þrátt fyrir verkjalyf.
- Líkamshiti er hærri en 38,5°.
- Stækkandi roða- eða bólgusvæði er við stungustað.

**Ef bráð vandamál koma upp utan opnunartíma Hjartagáttar er leitað til bráðamóttöku í Fossvogi sem er opin allan sólarhringinn.**

Ef óskað er eftir upplýsingum um stöðu á biðlista er hægt að senda fyrirspurn á netfangið: [hjartabidlisti@landspitali.is](mailto:hjartabidlisti@landspitali.is)

### Símanúmer

Hjartagátt er opin virka daga frá klukkan 08:00 - 16:00

543 2050

Þetta fræðslufni er gert fyrir sjúklinga Landspítala og aðstandendur þeirra og er byggt á bestu þekkingu við útgáfu þess. Tilgangur fræðslufnisins er að styðja við faglega ráðgjöf heilbrigðisstarfsfólks Landspítala sem veitir nánari upplýsingar eftir þörfum. Efninu er ekki ætlað að koma í stað einstaklingsbundinna leiðbeininga heilbrigðisstarfsfólks.

ÚTGEFANDI:  
LANDSPÍTALI  
MIÐSTÖÐ SJÚKLINGAFRÆÐSLU  
SEPTEMBER 2024  
FRÆ-0529

ÁBYRGÐARMENN:  
YFIRLÆKNIR HJARTALÆKNINGA OG  
DEILDARSTJÓRI HJARTAGÁTTAR 10D

HÖNNUN:  
GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR  
LANDSPÍTALA